



# **Þínar þarfir í fararbroddi**







A vertical photograph of a forest floor. In the foreground, a fallen log is partially covered by a corrugated metal drum. The background shows a dense forest of trees with some autumn-colored leaves. The image is positioned on the left side of the page, partially overlapping a teal background.

Okkar sýn:

---

**Together,  
we shape a  
sustainable  
and liveable  
world**

---

---

# Hvernig sérðu fram tíðina fyrir þér?

---

Mannvit, sem er með 60 ára sögu á Íslandi, hefur sameinast COWI, alþjóðlegu ráðgjafarfyrtæki á sviði verkfræði, hönnunar og arkitektúrs. Með sjö starfsstöðvar á Íslandi, auk vel útbúinnar rannsóknar- og prófunarstofu, er enn auðveldara að þjónusta þitt fyrirtæki.

Við sýnum árangur í verki og mælum velgengni okkar út frá því hvernig við aukum verðmæti þinna verkefna.











# Tölur sem tala sínu máli

## Fjárhagur 2023

---

Vöxtur

**14%**

(15% árið 2022)

Nettó velta

**5,3 Ma. ISK**

(4,5 Ma. ISK árið 2022)

EBIT

**12%**

(13% árið 2022)

Veltufé frá rekstri

**678 M ISK**

(681 M ISK árið 2022)

---





## Ófjárhagslegar upplýsingar

---

# 249

einstaklingar störfuðu hjá COWI á Íslandi við lok árs 2023, m.v. 225 árið 2022.

# 46,5%

starfsfólks ferðaðist til og frá vinnu með umhverfisvænum ferðamáta árið 2023.

Hlutfall umhverfisvænna vinnubíla er 37,5%.

# 83%

viðskiptavina eru ánægðir skv. þjónustukönnun árið 2023, samanborið við 80% árið 2022.

# 65%

samdráttur í kolefnislosun s.l. sjö ár.

Kolefnislosun COWI á Íslandi árið 2023 var 115,3 tonn af CO<sub>2</sub>-ígildum sem jafngildir 0,46 tonnum af CO<sub>2</sub>-ígildum á hvern starfsmann.

---



---

# Þetta eru ekki aðeins tölur heldur loforð

---

Sjálfbærni er framtíðarsýn COWI. Því höfum við sett okkur metnaðarfull markmið sem styðja við þá sýn.





# 2022

Við tökum ekki að okkur verkefni við leit og framleiðslu jarðaefnaeldsneytis.

# 70%

Við ætlum að minnka kolefnissporið um 70% fyrir árið 2030, samanborið við 2008.

# 2050

Kolefnishlutlaus að fullu.

# 100%

Fyrir árið 2027 munu allar tekjur koma frá verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun.





# Sterkari saman

8.000 starfsmenn vinna saman að verkefnum á heimamörkuðum okkar í Danmörku og á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð, Norður-Ameríku og Bretlandi.

Við fylgjum eftir verkefnum lykilviðskiptavina um allan heim.

---

# 5




heima-  
markaðir

---










# Við sýnum árangur í verki

Það sem er mælt, verður framkvæmt. Þess vegna gefum við út skýrslu um fjárhagsleg og ófjárhagsleg markmið sem auka verðmæti – ekki aðeins fyrir fyrirtækið heldur einnig fyrir fólknið og jörðina sem við reiðum okkur á.

## -5%

### CO<sub>2</sub> losun

árið 2023 (-8% tCO<sub>2</sub>e/HC).  
Markmið 2050: Kolefnishlutleysi  
í umfangi 1-3.







---

**7,6****Kolefnisspor**

tCO<sub>2</sub> ígildi losuð á hverjar 1.000 DKK í nettó veltu. Vísindamiðuð markmið samþykkt í feb. 2024.

---

**26%**

Árið 2023 var hlutfall kvenna í stjórnendastöðum 26%.

Fyrir árið 2040 er markmiðið að ná 40%.

---

**7.858**

Rekstrartekjur árið 2023 í M DKK sem jafngildir 1.054 milljónum evra.

---

**343**

EBIT árið 2023 í M DKK sem jafngildir 46 milljónum evra.

---



# Þín sýn er okkar sýn

Við leggjum áherslu á fjóra markaðshluta sem falla undir hæfni okkar og framtíðarsýn og stuðla að sjálfbærum lausnum.



## Sjálfbær orka

Innleiðing sjálfbærra orkugjafa og þróun nýrra lausna til að hraða orkuskiptum.



## Innviðir

Að tengja fólk saman með aukinni sjálfbærni og nýjustu tækniþróun.





### Stærri byggingar

Byggingar sem eru hannaðar í takti við framtíðina, fólkið og jörðina.



### Umhverfi og aðlögun að loftslagsbreytingum

Aukum seiglu innviða með því að hugsa til framtíðar.



---


# Grunnafl í grænni orku fyrir komandi kynslóðir

---





# Þeistareykja- virkjun



## Áskorun

Þörf á auknu framboði orku á Norðurlandi til iðnaðaruppbyggingar, nauðsynlegt að styrkja og efla stöðugleika raforkukerfisins.

## Lausn

Jarðhitasvæðið við Þeistareyki býður upp á mikla möguleika til jarðvarmavinnslu en áætluð orkuvinnslugeta svæðisins er um 200 MW. Virkjunin þjónar þeim tilgangi að vera grunnafl í raforkukerfinu á sama tíma og hún nýtir grænan orkugjafa.

Stærð jarðvarmavirkjunar: 90 MWe

## Samfélagslegt virði

Virkjunin er grunnafl í raforkukerfinu og eykur afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Jafnframt styður hún þróun í iðnaði í heimabyggð og vaxandi eftirspurnar vegna orkuskipta.

**Viðskiptavinur:** Landsvirkjun

**Tímabil:** 2011–2018

**Þjónusta:** Verkhönnun, veghönnun, verkefnastjórnun fyrir ráðgjafa, útboðshönnun, gerð útboðsgagna og innkaupaskjala, aðstoð við eftirlit með uppsetningu vélbúnaðar, rafbúnaðar og stjórnbúnaðar ásamt borráðgjöf og boreftirliti. Mat á umhverfisáhrifum og stærð jarðhitasvæðis



# The Reykjavik Edition



## Áskorun

Svæðið sem Marriott Edition-hótelíð tilheyrir er hluti af endursköpun gamla hafnarsvæðisins í hjarta Reykjavíkurborgar. Við tókumst á við nýjar áskoranir sem verkfræði- og tæknifyrirtæki þegar kom að utanumhaldi verkefnisins frá upphafi til enda. Við sinntum kaupum á lóð, tilboðsgerð, fjármögnun og samningagerð við hótélrekanda, sem og hönnun, útboði, innkaupum, byggingastjórnun, eftirliti og afhendingu mannvirkis.

## Lausn

Við hönnuðum og þróuðum fimm stjörnu hótél og íbúðasvæði sem nýtist einnig sem ráðstefnuhótél. Byggingin telur um 19.000 m<sup>2</sup>. Þar af eru 253 herbergi, veitingastaður og barir, fundarherbergi, veislusalur, heilsulind og önnur þægindi sem hæfa mannvirki af þessari stærðargráðu. Einnig hönnuðum við 90 íbúðir ásamt verslunar- og veitingarými á sama svæði.

## Samfélagslegt virði

Hótelreiturinn hefur aukið fjölbreytileika hafnarsvæðisins til muna og skapað tengingu á milli tónlistarhússins Hörpu og miðborgarinnar. Verkið gegndi mikilvægu hlutverki í endurnýjun svæðisins og á sama tíma hefur það eftt velsæld í samfélaginu.

**Viðskiptavinur:** Carpenter & Company, Inc.

**Tímabil:** 2016-2021

**Þjónusta:** Hönnun, innkaupastjórnun, byggingarstjórnun og verkefnastjórnun





# Meira líf á hafnarbakkanum





---

# Ferðamátar fyrir nú tíð og framtíð

---





# Borgarlínan



## Áskorun

Höfuðborgarsvæðið er í stöðugum vexti og fólk reiðir sig í auknum mæli á almenningsamgöngur í umferðarþyngstu hlutum borgarinnar. Mikil þörf er fyrir nútímalegan og aðgengilegan samgöngumáta sem er jafnframt sveigjanlegur og áreiðanlegur.

## Lausn

Byggja upp Borgarlínuna, hraðvagnakerfi (e. Bus Rapid Transit system) sem inniheldur sérrými fyrir rafmagnsvagna Borgarlínu, forgang á ljósum, hágæða brautarpalla og aukna tíðni ferða. Hraðvagnakerfið tryggir að Borgarlínan komist á milli staða á annatíma án áhrifa frá umferðarpunga á öðrum akreinum. Auk þess er Borgarlínan stórt skipulagsverkefni því uppbyggingu íbúða og atvinnu verður beint að Borgarlínuásunum.

## Samfélagslegt virði

Borgarlínan mun leiða til styttri ferðatíma, tíðni ferða eykst og almenningsamgöngur verða fýsilegri kostur. Það dregur úr umferð og stuðlar að heilsusamlegri, hreinni og umhverfisvænni borg.

**Viðskiptavinur:** Betri samgöngur

**Tímabil:** 2020-

**Þjónusta:** Verkefnastjórnun, verkefnisgát, þar með talin kostnaðar- og framvindugát og áætlanagerð. Gæðastýring, áhættumat, breytingastjórnun og innkaup. Stjórnun á hönnunarferli. Gerð og eftirfylgni samskipta- og samráðsáætlana. Stuðningsþjónusta og stjórnun á framkvæmdatíma. Aðstoð við prófun og gangsetningu



# BREEAM vottun Orkureitsins



## Áskorun

Vegna þeirra loftslagsbreytinga sem við stöndum frammi fyrir er mikilvægt að vanda vel skipulagsvinnu og uppbyggingu nýrra hverfa og svæða og tryggja umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg gæði til framtíðar.

## Lausn

BREEAM Communities vottun staðfestir að sjálfbær þróun hafi verið höfð að leiðarljósi í skipulaginu. Orkureitur var fyrsta hverfið í Reykjavík sem hlaut BREEAM Communities vottun. Við skipulag reitsins var hugað að aðlögun að loftslagsbreytingum, gæðum opinna svæða, vistvænum samgöngum, lægri orkunotkun mannvirkja, endurnýtingu byggingarefna, algildri hönnun o.fl.

## Samfélagslegt virði

BREEAM Communities vottun þýðir að skipulagsvinna sé vönduð með öflugri greiningarvinnu, víðtæku samráðsferli og ítarlegum gátlistum. Vistvottunin stuðlar að því að mæta óskum íbúa og fyrirtækja m.a. um gæði, öryggi, fjölbreytni, náttúruvernd og aðgengi að útivistarsvæðum.

**Viðskiptavinur:** Reitir fasteignafélag

**Tímabil:** 2019-2023

**Þjónusta:** Yfirumsjón með matsferli BREEAM Communities vottunar, ráðgjöf um sjálfbærar lausnir, verkefnastjórnun og skipulagsgerð



---

# Grænni byggð grænni framtíð

---





# Metrokerfi í Kaupmannahöfn



## Áskorun

Fólk út um allan heim ver milljörðum klukkustunda í umferð daglega. Kaupmannahöfn er þar engin undantekning. Vandamálið mun aukast eftir því sem borgir stækka.

## Lausn

Fyrsta sjálfvirka neðanjarðarlestastöð heims var byggð til þess að búa borgina undir vöxt og fyrirséða þróun þéttbýlis með tilliti til innviða. Kerfið telur 39 stöðvar sem eru á 30-40 metra dýpi og voru þær hannaðar til þess að falla vel að umhverfi ofanjarðar.

## Samfélagslegt virði

Kerfið getur flutt 100 milljón farþega á ári sem dregur töluvert úr umferðarþunga á vegum. Að hanna borgar-rými í kringum neðanjarðarlestastöðvarnar út frá þörfum notandans eykur jafnframt lífsgæði.

**Viðskiptavinur:** Metroselskabet I/S

**Tímabil:** 1994-2019

**Þjónusta:** Hönnun stöðvar (byggingarframkvæmdir og arkitektúr). Undirbúningur svæða, tilskilinna leyfa og réttinda. Færsla á veituvinnu. Undirbúningur og hönnun ganga. Umhverfislegir þættir þ.m.t. mat á umhverfisáhrifum. Verkefnagát, magntaka og kostnaðaráætlunir. Jarðtækni, jarðfræði- og vatnsforðarannsóknir og prófanir. Undirbúningur og túlkun jarðskjálftarannsóknna. Kröfur um rekstur og viðhald. Ráðgjöf varðandi samþykki yfirvalda/eftirlitsaðila, skráning og áhættumat bygginga





# Kemur hreyfingu á borgina







---

# Að brúa bilið á milli austurs og vesturs

---



# 1915 Çanakkale-brúin



## Áskorun

Çanakkale-brúin var tekin í notkun í mars árið 2018 en áður var aðeins hægt að ferðast með ferju á milli Anatólíuskagans og Austur-Prakíu, Evrópuhluta Tyrklands, sem tekur um 30 mínútur. Talið var nauðsynlegt að stytta ferðatímann og auðvelda ferjuflutninga á milli Evrópu og Asíu með því að bæta við annars konar samgöngukosti.

## Lausn

Í samvinnu við viðskiptavini okkar hönnuðum við hengibrú sem spannar 2.023 metra. Brúin var hönnuð með tvöföldum lokuðum kassabítum til þess að tryggja loftaflfræðilegan stöðugleika.

## Samfélagslegt virði

Brúin hefur stytt ferðatímann um 24 mínútur með fjölgun tenginga í þjóðvegakerfinu sem eykur hagkvæmni einstaklinga og atvinnustarfsemi almennt.

**Viðskiptavinur:** IHI Infrastructure System CO, Yapi Merkezi, Intertoll Turkey, Operation & Maintenance

**Tímabil:** 2016-2025

**Þjónusta:** Verkhönnun, burðarþolshönnun og tæknilegt eftirlit á framkvæmdum



---

# Arkitema á Íslandi

---

Hjá Arkitema vinnum við að því að hanna borgir framtíðarinnar þar sem arkitektúr og stafrænar lausnir sameinast í fallegu, snjöllu og vistvænu umhverfi.

Arkitema veitir ráðgjöf á sviði arkitektúrs, skipulags, landslags- og innanhússhönnunar og við leggjum metnað okkar í að gera hvert verkefni einstakt með sérsniðnum og hagkvæmum lausnum.

Hjá Arkitema starfa um 600 manns á skrifstofum okkar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Sem hluti af COWI getum við boðið verkkaupum sérsniðnar lausnir og ráðgjöf frá upphafi til enda.

Nánari upplýsingar má finna á [www.arkitema.com](http://www.arkitema.com)











# Við erum COWI



Þó að heimamarkaðir okkar séu á Norðurlöndunum, í Bretlandi og Norður-Ameríku þá störfum við um allan heim.



- Norðurlöndin
- Bretland
- Bandaríkin
- Önnur lönd
- Indland





**88%** 

Hlutfall starfsfólks sem er líklegt til að mæla með því við aðra að sækja um starf hjá COWI á Íslandi.

**31%** 

Árið 2023 var hlutfall kvenna innan COWI á Íslandi 31%.

**8.000**

Hjá fyrirtækinu starfa 8.000 starfsmenn á sviði verkfræði og arkitektúrs.

**#2** 

Eftirsóttasti vinnustaður Danmerkur skv. könnun Universum\*.

\*Universum 2023 ranking – Engineering and Natural Science Professionals





“

Það sem veitir mér hvað mesta ánægju í þessu starfi er að vita til þess að ég sé að skila einhverju af mér til samfélagsins. Allt sem við hönnum nýtist fólki þótt það sjáist ekki endilega á yfirborðinu.

**Margrét Elín Sigurðardóttir**

Jarðtækniverkfræðingur

Veitur

Ísland

“

Í starfi mínu leitast ég við að styrkja viðskiptavinamiðað hugarfar innan COWI sem og efla traust í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila.

**Knud Erik Christensen**

Forstöðumaður viðskiptaþróunar

Viðskiptaþróun

Danmörk



“

Í starfi mínu leysi ég úr burðarþolstengdum áskorunum og vinn með ólíkum sérsviðum til þess að raungera þá sýn sem viðskiptavinir okkar hafa.

**Rugeia Raysan Rashid**

Byggingarverkfræðingur

Danmörk







“

**Sjálfbærni hefur verið ört vaxandi þáttur í okkar starfsemi. Hér er fólk sífellt að þróa verkferla og finna nýjar leiðir til þess að leysa verkefnin í nánu samstarfi við viðskiptavinum okkar.**

**Rúnar Dýrmundur Bjarnason**

Fagstjóri

Umhverfismál og sjálfbærni

Ísland

“

**Hlutverk mitt er að leiðbeina samstarfsfólki og tryggja að verkefnin séu hönnuð og afhent í samræmi við viðeigandi gæðastaðla.**

**Rahul Tyagi**

Yfirverkfræðingur

Jarðgöng og neðanjarðarbyggingar

Indland



“

**Ég finn fyrir miklum stuðningi frá samstarfsfólki mínu og þeim sem hafa reynslu. Þau eru mjög dugleg að gefa okkur pláss til þess að koma okkur á framfæri og bera ábyrgð á verkefnunum.**

**Nína María Hauksdóttir**

Meistaraneimi í rekstrarverkfræði

Umhverfismál og sjálfbærni

Ísland





# Sagan



## 1930

Ungur verkfræðingur að nafni Christen Ostenfeld stofnaði fyrirtæki í Danmörku. Fyrsta stóra verkefnið hans var að hanna stærsta næturklúbb Skandinavíu, Scala, í Kaupmannahöfn.

## 1955

Fyrsta alþjóðlega skrifstofa COWI opnar í París. Þremur árum síðar var skrifstofa opnuð í Gana – sú fyrsta utan Evrópu.



## 1970

Við hönnun á nýrri brú yfir Litla beltið (e. New Little Belt Bridge) aðlagði COWI alþjóðlega þekkingu og reynslu að dönskum aðstæðum. Brúin setti ný viðmið við hönnun hengibrúa. Kynntar voru árekstragreiningar skipa, hönnun á loftaflfræðilega lokuðum stálbitum og tæringarvörn.




## 1947

Eftir stríðið ferðaðist Christen Ostenfeld til Frakklands til þess að læra um forspennta steinsteypu. Það leiddi til hins heimspekkta „Ostenfeld silo“ sem nánast útilokar efri mörk fyrir stóra geymslutanka. Tíu árum síðar hannaði COWI hráefnistanka fyrir Carlsberg sem eru staðsettir í Vesterbro í Kaupmannahöfn.

## 1960

COWI stofnaði sérfræðipjónustu í innviðum, vatni og stórum byggingum. Þekking okkar og reynsla af forspenntri steinsteypu er sótt í byggingar og brýr um allan heim sem og íþróttamannvirki. Þar má nefna Bellahøj-útisundlaugina í Kaupmannahöfn.



## 1972

Þegar Christen Ostenfeld lét af störfum færðist eignarhald fyrirtækisins yfir í eignarhaldsfélag og við sama tækifæri fékk það nýtt nafn: COWI. Nafnið er samsett úr nöfnum stofnandans Christen Ostenfeld og meðeiganda hans frá 1946, Wriberg Jønson.





## 1980

Umgjörðin okkar breyttist smám saman og aukin umsvif urðu í umhverfisráðgjöf og orkuskipulagi. Við jukum við sérfræðipekkingu okkar í vatnshreinsun og veittum trausta ráðgjöf til opinberra aðila.



## 2022

Við hættum að taka að okkur verkefni sem snúa að leit, framleiðslu og flutningi á jarðefnaeldsneyti og tókum stórt stökk í átt að aukinni sjálfbærni með því að innleiða FUTURE-NOW-stefnuna.



## 2000

Við efldumst enn frekar með því að fá til liðs við okkur leiðandi verkfræðiráðgjafa frá Skandinavíu og Bretlandi. Árið 2018 fjárfestum við í arkitektastofunni Arkitema, sem eru ein stærstu fyrirtækjakaup sem orðið hafa á dönskum markaði til þessa.

## 2019

COWI hefur tekið þátt í að þróa neðanjarðarlestakerfi Kaupmannahafnar frá árinu 1994. Árið 2019 var heildarfjöldi neðanjarðarlestastöðva í borginni kominn í 37. Þegar M3-línan var tekin í notkun varð borgin enn tengdari og upplifunin betri.



## 1998

Þökk sé aðkomu fyrirtækisins að Stóru-beltisbrúnni hlaut COWI viðurkenningu sem alþjóðlegur sérfræðingur á sviði brúarhönnunar.



## 2023

COWI kaupir Mannvit sem styrkir stöðu fyrirtækisins enn frekar sem ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki á sviði grænnar orku og sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndunum.



COWI Ísland ehf.  
Urðarhvarf 6  
203 Kópavogur  
Ísland

**Símanúmer**  
422 3000

**Netfang**  
cowi\_is@cowi.com

[www.cowi.com/iceland-is](http://www.cowi.com/iceland-is)

E01  
2024